

ERINDISBRÉF

Rýnihópur vegna þarfagreiningar á uppbyggingu grunnskóla og leikskóla í Blikastaðalandi.

Ábyrgðarmaður: Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri

Inngangur:

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti þann 4. maí 2022 uppbyggingarsamkomulag á milli Mosfellsbæjar og Blikastaðalands ehf., dótturfélags Arion banka, um uppbyggingu nýrrar íbúðabyggðar í landi Blikastaða.

Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að fjöldi íbúða verði 3.500 til 3.700 talsins, blanda fjölbýlis og sérþýlis, auk 150 íbúða fyrir 55 ára og eldri, skóla, íþróttastöðu og atvinnuhúsnæðis.

Í fyrsta áfanga verkefnisins er gert ráð fyrir 1.200 íbúðum og að íbúafjöldi geti verið allt að 3.500 manns.

Hlutverk:

Hlutverk rýnihóps er að yfirfara þær tillögur sem liggja fyrir vegna uppbyggingar grunnskóla og leikskóla á Blikastaðalandi. Tillögurnar verði settar í samhengi við spá um þróun íbúafjölda á Blikastaðalandi annars vegar og í öðrum hverfum í Mosfellsbæ hins vegar. Þá verði hugað að faglegri þróun skólamála og rekstrarlegri hagkvæmni leikskóla og grunnskóla í bæjarfélaginu, m.t.t. fjölda nemenda og starfsfólks.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Greina þróun íbúafjölgunar í Mosfellsbæ og á Blikastaðalandi til næstu 10 ára m.t.t barna á leik- og grunnskólaaldri.
- Greina núverandi húsnæði leik- og grunnskóla og nýtingu þess m.t.t. fermetrafjölda pr barn í hverri einingu
- Undirbúa stefnu og viðmið Mosfellsbæjar þegar kemur að þróun og uppbyggingu á húsnæði leik- og grunnskóla í Mosfellsbæ
- Uppfæra þarfagreiningu frá rýnihópsvinnu frá árinu 2021 varðandi uppbyggingu leik- og grunnskóla á Blikastaðalandi. Sérstaklega verði horft til 1. áfanga uppbyggingarinnar.

Rýnihópin skipa:

- Ólöf Kristín Sívertsen, formaður
- Soffía Vagnsdóttir, starfandi leiðtogi grunnskólamála
- Þrúður Hjelm, leiðtogi leikskólamála
- Anna María Axelsdóttir, fjármála- og áhættustýringarsviði
- Óskar Gísli, fulltrúi Eignasjóðs

Starfsmaður viðræðuhópsins

Magnea Ingimundardóttir, fræðslu- og frístundasviði

Til ráðgjafar og samstarfs:

Arnar Jónsson sviðsstjóri menningar-, íþróttar og lýðheilsusviðs

Sigurbjörg Fjölisdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi

Pétur Lockton sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn starfi frá 1. febrúar til 25. mars 2025.

Mosfellsbær, 27. janúar 2025

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri